

6. fundur skólanefndar kjörtímabilið 2018-2022 vegna Flúðaskóla haldinn fimmtudaginn ^{2. maí} ~~14. mars~~ 2019 kl. 13.00.

Mætt: Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Unnsteinn Eggertsson (H), sem ritaði fundargerð og Hanna Björk Grétarsdóttir (D og óháðir). Einnig sátu fundinn Jóhanna Lilja Arnardóttir, skólastjóri, Steinunn Margrét Larsen, aðstoðarskólastjóri, Margrét Guðmundsdóttir, fulltrúi starfsfólks, Freyja Þorkeldsdóttir, fulltrúi foreldraráðs, Einar Bjarnason fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Kolbrún Haraldsdóttir, sérkennslustjóri. Sigurður Unnar Sigurðsson, boðaði forföll.

FUNDARSTAÐUR: FLÚÐASKÓLI, FUNDARHERBERGI 2. HÆÐ

DAGSKRÁ:

1. Ráðning skólastjóra
2. Gátlisti, töluliðir 8, 9 og 10 sem fjalla um:
 - a. 8-móttaka nýrra nemenda skv. 16 gr. laga nr. 91/2008
 - b. 9-Íslenskukennslu fyrir nemendur með annað móðurmál skv. 16. gr. laga nr. 91/2008 og reglugerð nr. 391/1996
 - c. 10- Sérparfir skv. 17. gr. laga nr. 91/2008 og rgl. nr. 585/2010
3. Starfsmannamál
 - a. Umsókn um námsleyfi
 - b. Laust starf skólabílstjóra
 - c. Laust starf matráðs
 - d. Laust starf kennara/uppsögn
4. Skólareglur um farsímanotkun
5. Skóladagatal 2019-2020
6. Endurgerð/breyting á skipulagi lóðar við skólann
7. Mál frá síðasta fundi
 - a. Nýting millilofts
8. Til kynningar/upplýsinga.
Málþing um skólasókn 20. maí nk.
Upplýsingar um skólaforðun
9. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi
10. Heilsuefandi samfélag - Kynning frá verkefnastjóra

Formaður setti fund, bauð fundarfólk velkomið og óskaði eftir athugasemdum við útsent fundarboð og dagskrá. Engar athugasemdir gerðar. Gengið var til dagskrár.

1. Ráðning skólastjóra

Jóhanna Lilja, starfandi skólastjóri, vék af fundi undir þessum lið.

Formaður fór yfir þær umsóknir sem bárust og skýrði frá stöðu mála. Alls bárust fimm umsóknir og voru fjórir aðilar boðaðir í viðtöl sem fóru fram þann 30. apríl sl. í ráðhúsi Hrunamannahrepps.

Umsóknir bárust frá eftirtöldum aðilum: Anna Gréta Ólafsdóttir, Jóhanna Lilja Arnardóttir, Magnús Matthíasson, Ragnar Jónsson og Samúel Örn Erlingsson. Fjórir umsækjendur voru boðaðir í viðtal.

Viðtölin voru framkvæmd af Jóni G. Valgeirssyni, sveitarstjóra, Elsu Ingjaldsdóttur, formanni skólanefndar og Hrafnhildi Karlsdóttir hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls. Vegna umsóknar Samúels Arnar Erlingssonar, sat Elsa ekki viðtalið, vegna vanhæfis.

JLA

ML



KW MK

EB HIRK

UE

FA

Á fundinum var lagt fram frammistöðumatsblað úr viðtölunum þar sem tilteknum þáttum var gefið tölulegt vægi. Einnig var haft samband við umsagnaraðila, tveggja hæstu umsækjenda, skv. matsblaði. Samkvæmt matinu skorar Jóhanna Lilja hæst.

Málið rætt. Skólanefnd gerir þá tillögu til sveitastjórnar að Jóhanna Lilja Arnardóttir verði ráðinn skólastjóri Flúðaskóla.

2. Gátlisti, töluliðir 8, 9 og 10 sem fjalla um:

a. 8-móttaka nýrra nemenda skv. 16 gr. laga nr. 91/2008

Kolbrún fór yfir hvernig staðið er að þessum málum. Móttökuáætlun er að finna á heimasíðu skólans. Einnig eru upplýsingar á heimasíðu hreppsins fyrir þá sem eru að flytja í sveitarfélagið. Þessi þáttur í starfsemi skólans er því í samræmi við ofangreind lög.

b. 9-íslenskukennsla fyrir nemendur með annað móðurmál skv. 16. gr. laga nr. 91/2008 og reglugerð nr. 391/1996

Kolbrún upplýsti að kennsla er í boði fyrir þessa nemendur og því er í samræmi við ofangreind lög. Sótt er um styrk til Jöfnunarsjóðs til íslenskukennslu fyrir börn að erlendum uppruna.

c. 10- Sérþarfir skv. 17. gr. laga nr. 91/2008 og rgl. nr. 585/2010

Kolbrún upplýsti að móttökuáætlun er fyrir hendi fyrir nemendur með sérþarfir og er í samræmi við ofangreind lög.

3. Starfsmannamál

a. Umsókn um námsleyfi

Margrét vék af fundi undir þessum lið.

Tekin var fyrir umsókn frá Margréti Steinunni Larsen þar sem hún sækir um námsleyfi skólaárið 2019-2020 vegna náms í starfstengdri leiðsögn á sviði uppeldis- og menntunarmála við HÍ.

Skólastjóri mælir með að leyfið verði veitt.

Skólanefnd gerir ekki athugasemd um veitingu námsleyfisins.

b. Laust starf skólabílstjóra

Skólastjóri upplýsti að þrjár umsóknir hafa borist um starfið. Um er að ræða akstur frá og með næsta skólaári. Skólanefnd mælir með að Jóhann Marelsson verði ráðinn til að þjónusta þessa leið.

Laust starf matráðs

Skólastjóri gerði grein fyrir málinu og upplýsti að tvær umsóknir hafa borist um starfið. Gengið verður frá ráðningu í næstu viku.

c. Laust starf kennara/uppsögn

Skólastjóri upplýsti að Anna Þórný Sigfúsdóttir, kennari, hefur sagt starfi sínu lausu við Flúðaskóla að loknu yfirstandandi skólaári. Einnig hefur Gyða Björk Björnsdóttir upplýst að hún mun ekki snúa aftur til starfa eftir leyfi.

JLA

ML 964

HBK

ler

JE
FA MK

4. Skólareglur um farsímanotkun

Formaður fór yfir málið. Á síðasta fundi skólanefndar þann 14. mars 2019 var ákveðið að senda Nemendaráði Flúðaskóla, Foreldrafélaginu og Skólaráði erindi þar sem kallað væri eftir tillögum/hugmyndum um að draga úr notkun snjalltækja á skólatíma til eflingar félagslegra tengsla.

Svör bárust frá öllum þessum aðilum og þakkar nefndin fyrir það.

Í dag er staðan sú að nemendur skólans setja snjallsíma sína í þar til gerðar körfur hjá kennara og sækja þá í lok kennslustundar. Ekki er heimilt að nota símana í matsal skólans, en notkun þeirra er að frjálts í frítíma nemenda.

Í svari nemendaráðs kemur fram að þau telji ekki þörf á breytingum frá því sem nú er, en þó þurfi hugsanlega að skerpa á því að snjallsímar séu ekki notaðir í kennslustundum. Einnig er lagt til að gerð verði könnun á meðal nemenda varðandi snjallsímanotkun á skólatíma.

Í svari skólaráðs kemur fram að skoða eigi að banna notkun snjallsíma á meðan á vinaliðaverkefninu stendur og auka framboð af annarri afþreyingu fyrir nemendur í frímínútum, utan dyra sem innan. Ekki sé þörf að öðrum breytingum.

Í svari foreldrafélagsins, sem telur alls 5 blaðsíður, er dregin sú ályktun að þeir einstaklingar sem sitji í skólanefnd séu þeirrar skoðunar að notkun snjalltækja sé óæskileg, skaðleg og slæm, þrátt fyrir að slíkt orðalag eða skoðun sé ekki að finna í bréfi nefndarinnar. Félagið bendir á margvíslegar jákvæðar ástæður fyrir notkun snjalltækja en einnig neikvæðar, t.d. hvað varðar skjátíma.

Snjalltæki eru mikilvæg verkfæri við nám og er nauðsynlegt að gæta þess að nemendur og kennarar hafi aðgang að slíkum tækjum við kennslu á hverjum tíma.

Tilgangurinn með því að leita eftir tillögum og hugmyndum frá skólasamfélaginu var ekki sá að leggja til algjört bann við notkun snjalltækja á skólatíma, heldur að kanna hvort ástæða sé til að takmarka fyrst og fremst notkun snjallsíma frekar en nú er, t.d. eftir aldurshópum og/eða einstaka verkefnum svo sem vinaliðaverkefninu, í því skyni að draga úr notkun þeirra með tilliti til skjátíma og auka þannig möguleika á frekari samskiptum á skólatíma með öðrum hætti en í gegnum snjallsíma. Næg tækifæri gefist til samskipta utan skóla í gegnum umrædd tæki.

Skólanefnd telur eðlilegt að þessi mál sé skoðuð innan veggja skólans og kallað eftir áliti skólasamfélagsins þegar umræðan um notkun snjallsíma er með þeim hætti sem nú er, hérlendis sem erlendis.

Fram kom hjá skólastjórendum að unnið er að breytingum á reglum skólans og mun nefndin því taka málið upp að nýju þegar þeirri vinnu er lokið.

Skólanefnd tekur undir hugmynd nemendaráðs um gerð könnunar meðal nemenda sem framkvæmd yrði af þeim sjálfum. Slíkt er gott tækifæri til náms við framkvæmd skoðanakannana og úrvinnslu þeirra, þar sem snjalltæki kæmu þá ábyggilega að góðum notum. Skólanefnd tekur einnig jákvætt í hugmyndir sem kunna að koma fram varðandi uppbyggingu á sviði afþreyingar fyrir nemendur á skólalóð og í húsnæði skólans, líkt og fram kemur í bókun skólaráðs.

Samþykkt samhljóða.

JLA

GU

HIBG
MG

100
FP

UE
ML

5. Skóladagatal 2019-2020

Skólastjóri fór yfir drög að skóladagatali Flúðaskóla fyrir næsta skólaár. Dagatalið er í samræmi við dagatal Þjórásarskóla. Skólanefnd samþykkir dagatalið.

6. Endurgerð/breyting á skipulagi lóðar við skólann

Skólastjóri fór yfir og kynnti hugmyndir að skipulagi skólalóðarinnar. Þar er gert ráð fyrir að skipta verkefninu í þrjá áfanga.

Áhugasamir eru hvattir til að skoða framkomnar tillögur inni á Facebook síðu Flúðaskóla, auk þess sem tillögurnar hanga uppi í húsnæði skólans.

Skólanefnd leggur til að hafin verði vinna við 1. áfanga við fyrsta tækifæri.

7. Mál frá síðasta fundi

a. Nýting millilofts

Formaður fór yfir stöðu mála. Skólastjóri hefur kynnt málið á kennarafundi þar sem hugmyndin er að koma fyrir tveimur kennslustofum á milliloftinu.

Samþykkt að fresta umfjöllun um málið til næsta fundar.

8. Til kynningar/upplýsinga.

Málþing um skólasókn 20. maí nk. og upplýsingar um skólaforðun

Lagt fram til kynningar.

9. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi

a. Gátlisti, 5. 6. og 7. liðir teknir fyrir á næsta fundi.


10. Heilsueflandi samfélag - Kynning frá verkefnastjóra



Gunnar Gunnarsson, verkefnastjóri, sá um kynninguna sem var sameiginleg fyrir Flúðaskóla og Undraland. Samningurinn við Landlæknisembættið verður undirritaður þann 23. maí n.k.

Reiknað er með að verkefnið og innleiðing þess taki um 4 ár. Verkefnið leggur áherslu á fjóra meginþætti sem teknir eru fyrir á tilgreindum tímabilum: Hreyfing og útivera – Næring - Gerðrækt – Heilbrigðir lífnaðarhættir.

Skólanefnd fagnar verkefninu.

Næsti fundur verði haldinn í upphafi næsta skólaárs.
Engin önnur mál tekin fyrir. Fundi slitið kl. 15.05.


Jóhanna Dísja Amund
Margrét Larsen


Hanna Björk G.
Frayr Þorkeðel.

Þórunn Þjórt
Ulf-Ewert
Margrét Amund.
Kolbrún Haraldsd.